



Sigrún Þórarinsdóttir sviðsstjóri

Kópavogi, 2. desember 2024

24041472/003.02 RMB

Á fundi velferðarráðs 25. nóvember sl. var eftirfarandi bókað:

“Velferðarráð frestar afgreiðslu nýrra reglna um útleigu félagslegra leiguíbúða og stigakerfis. Velferðarráð óskar eftir frekari greiningu á þeim þætti stigakerfisins sem varðar hjúskaparstöðu umsækjanda.”

I. Afgreiðsla umsókna – drög að nýju kerfi

Skv. drögum að nýju stigakerfi var lagt til að meta stöðu umsækjanda og maka/sambúðaraðila eins og neðangreind tafla sýnir, þ.e. liður þrjú og fjögur á fyrirliggjandi matsblaði.

3. Staða umsækjanda		Stig
1	Með endurhæfingarlífeyrir EÐA með viðurkennda skerðingu á færni og vinnugetu sem snýr að félagslegum, andlegum og eða líkamlegum þáttum.	
2	75% örorkumat EÐA með ellilífeyri.	
4. Staða maka/ sambúðaraðila		Stig
1	Með endurhæfingarlífeyrir EÐA með viðurkennda skerðingu á færni og getu sem snýr að félagslegum, andlegum og eða líkamlegum þáttum.	
2	75% örorkumat EÐA með ellilífeyri.	

Markmiðið með ofangreindu mati var að geta fangað ólíka félagslega stöðu sem fyrst og fremst varða möguleika viðkomandi til að afla tekna og sjá sér og sínum fyrir framfærslu. Lífeyrisþegar metnir til 75% örorku og ellilífeyrisþegar 67 eða 70 ára og eldri hafa ekki möguleika á fullri atvinnuþátttöku og treysta margir í þeirri stöðu alfarið á greiðslur frá ríkinu sér til framfærslu. Sanngjarnt þótti að reikna einnig til stiga þegar einstaklingur og/eða maki hans búa annað hvort við skerta færni og getu til atvinnuþátttöku eða hafa hafið endurhæfingu með endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Í fyrrnefnda hópnum eru gjarnan þeir sem eru með fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu sér til framfærslu vegna óvinnufærni, bíða jafnvel eftir að komast í endurhæfingu og stundum eftir örorkumati.

Við mat á umsóknum er horft heildstætt á stöðu heimilismanna. Maki/sambúðaraðili er þar ekki undanskilin en vissulega gefur það fleiri stig ef maki/sambúðaraðili uppfyllir skilyrði í mati á stöðu. Mótvægisáðgerð varðandi þá stöðu er krafa um lágmarksstigafjölda til að komast á biðlista en hún er tveimur stigum hærri ef umsækjandi á maka/sambúðaraðila, með eða án barna. Lágmarksstigafjöldi er skilgreindur í tillögum sbr.

- a) Umsókn einstaklings án barna skal ná 10 stigum.
- b) Umsókn hjóna eða sambúðarfólks án barna skal ná 12 stigum.
- c) Umsókn einstaklings með barn/börn skal ná 15 stigum.
- d) Umsókn hjóna eða sambúðarfólks með barn/börn skal ná 17 stigum.

Þá vega fjárhagslegar aðstæður einnig á móti viðbótarstigum fyrir maka/sambúðarfólk því að stigagjöf hjóna/sambúðarfólks vegna tekna eru ekki tvöfaldar tekjur einstaklings. Sem dæmi má nefna að einstaklingur sem fær 75% örorkumat við 30 ára aldur myndi fá 6 stig í stigakerfinu þar sem mánaðartekjur eru kr. 451.952,- en hjón/sambúðaraðilar með sömu stöðu, 75% örorkumat, myndu fá 3 stig þar sem mánaðartekjur þeirra eru samtals 731.400,-.



II. Afgreiðsla umsókna – nógildandi kerfi

Í nógildandi stigakerfi er gerð krafa um 17 stig eða fleiri á til að komast á biðlista hvort sem umsækjandi er með maka eða ekki.

Í neðangreindri töflu má sjá mat á stöðu skv. nógildandi stigakerfi og er gefið eitt stig ef umsækjandi á maka með 75% örorku eða með ellilífeyri.

4. Staða umsækjanda (hámark 2 stig)	Stig
A: Öryrki 75%	1
B: Ellilífeyrisþegi	1
C: Maki er 75% öryrki eða ellilífeyrisþegi	1

Þá er rétt að halda til haga, sbr. tafla hér fyrir neðan, að aðrar félagslegar aðstæður í nógildandi kerfi reikna til stiga barnafjölda, stuðning og ef umsækjandi og maki eru báðir 67 ára eða eldri. Lagt er til að fella niður síðast nefnda matið, 6 stig fyrir 67 ára og eldri, færa stig vegna endurhæfingar í mat á stöðu og viðhafa mat í teymum velferðarsviðs á stigagjöf vegna stuðnings sem er skilgreindur nánar í tillögum.

3. Félagslegar aðstæður (hámark 7 stig)	Stig
A: Eitt eða tvö börn á heimili	1
B: Þrjú eða fleiri börn á heimili	2
C: Stuðningur: Er í endurhæfingu vegna geðsjúkdóma eða fíknivanda eða býr við fötlun sem krefst stuðningsþjónustu	1
D: Umsækjandi og maki hans eru 67 ára eða eldri	6

III. Úthlutanir

Þegar kemur að úthlutun íbúða koma ýmsir þættir til skoðunar fyrir utan stigagjöfina sjálfa og má þar nefna tegund íbúðar, stærð, staðsetningu, skólahverfi, aðgengi fyrir hreyfihamlaða og aldur barna sem dæmi. Þá er áréttað að til umfjöllunar við úthlutun eru fleiri en ein umsókn enda er kerfið þannig að það eru margar umsóknir með sama stigafjölda og þá er oft valið úr þeim hópi að úthluta þeim sem eiga eldri eða elstu umsókn og/eða þegar einnig er vitað að núverandi húsnæðisaðstæðum megi jafna til neyðar eða annarra fyrirbyggjandi aðstæðna eins og t.d. barnaverndarsjónarmiða.

Loks er bent á að hjón/sambúðarfólk er í miklum minnihluta, bæði sem umsækjendur og leigutakar. Það kemur ekki á óvart enda má gera ráð fyrir því að hærri heimilistekjur þar sem tveir deila ábyrgð á heimilishaldi bæti bæði fjárhagslega og félagslega stöðu. Í dag eru 4% umsókna frá hjónum/sambúðarfólki og hjón/sambúðarfólk eru 7,5% af leigutökum. Reyndar er rökstuddur grunur um að sambúðaraðilar leigutaka séu fleiri en það sem er skráð en gegn skýlausri neitun leigutaka getur sveitarfélagið lítið sem ekkert aðhafst.

IV. Samantekt

Samantekið eru færð fram neðangreind rök vegna mats á stöðu maka:

- Samngirni – fanga ólíka félagslega stöðu og möguleika til að afla tekna. Ekki rétt að horfa framhjá stöðu maka þ.e. möguleikum hans að afla tekna.
- Mótvægi – lágmarksstigafjöldi til að komast á biðlista er hærri ef umsækjandi á maka.
- Mótvægi – stiggjöf vegna tekna á fjárhagsstöðu einstaklings og hjóna/sambúðarfólks er ólík þó félagsleg staða sé sú sama, þ.e. færri stig fyrir hjón/sambúðarfólk.
- Úthlutun – velja þarf úr mörgum umsóknum með sama stigafjölda – lítið til neyðar og annarra fyrirbyggjandi aðstæðna.



- Hjón/sambúðarfólk í miklum minnihluta og fá tilvik sem þar sem stigið gæti haft afgerandi áhrif.
- Hvatning til umsækjenda að skrá hjúskaparstöðuna rétt.

Það er mat undirritaðrar að það eina umfram stig sem maki/sambúðaraðili getur fengið í núgildandi kerfi hafi ekki haft þau áhrif að hjón eða sambúðarfólk fái frekar úthlutun en einstaklingar og það sama muni eiga við í nýju stigakerfi skv. tillögum.

Virðingarfyllst,

Rannveig María Þorsteinsdóttir
Skrifstofustjóri